

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 250/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Páli Konráði Konráðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsárás. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði var í héraðsdómi nefndur Páll Konráð Konráðsson Þormar, og hefur svo verið oftár. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fæðingarvottorð, þar sem hann er nefndur Páll Konráð Konráðsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1990 að ósk ákærða með kröfu um sýknu og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Því er lýst í héraðsdómi, að Sighvatur Andrésson kom heim til sín að morgni föstudagsins 30. júní 1989 og andaðist þar um hádegisbil laugardaginn 1. júlí. Banamein hans var bráð lífhimnubólga, sem myndaðist vegna áverka, sem hann hafði hlotið á þvagblöðru.

Í krufningarskýrslu kemur fram, að það sé vel þekkt, að fall eða högg geti valdið því, að yfirfull þvagblaðra rifni. Ekkert er vitað um ferðir Sighvats heitins, frá því að hann fór út frá ákærða um klukkan tvö aðfaranótt 30. júní og þar til klukkan sjö um morguninn. Verður að telja ósannað, að ákærði hafi veitt Sighvati heitnum fyrrnefndan áverka, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og sýkna ákærða af broti gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans og sakfella ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Páll Konráð Konráðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júní 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 6. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 289/1990: Ákærvaldið gegn Páli Konráði Konráðssyni Þormar, sem dómtekið var 1. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. mars 1990, á hendur ákærða, Páli Konráði Konráðssyni Þormar, Grettisgötu 43 í Reykjavík, fæddum 2. júlí 1953, fnr. 5879, „fyrir líkamsárás með því að hafa á heimili sínu að Grettisgötu 43, Reykjavík, aðfaranótt föstudagsins 30. júní 1989 slegið Sighvat Andrésen, kt. 27.03.49-6689, hnefahögg í höfuð og sparkað margsinnis í líkama hans með þeim afleiðingum, að Sighvatur marðist á brjóstvegg og á vinstra auga, falskur tanngarður hans brotnaði og þvagblaðra hans rifnaði. Sighvatur andaðist á heimili sínu um hádegið laugardaginn 1. júlí af völdum bráðrar lífhimnubólgu, sem myndaðist vegna áverkans á þvagblöðrunni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Um hádegi laugardaginn 1. júlí 1989 voru lögregla og sjúkrafíreið kvædd að Skriðustekk 19 hér í borg vegna Sighvats Andrésenar, fædd 27. mars 1949, sem þar bjó hjá foreldrum sínum. Lá Sighvatur meðvitundarlaus í rúmi sínu, þegar að var komið. Læknir, sem var með sjúkraliðsmönnum, hóf þegar lífgunartilraunir, en þeim var hætt eftir 50 mínútur, og var Sighvatur þá látinn. Júlíana Viggósdóttir, móðir Sighvats heitins, hefur skýrt frá því, að sonur hennar hefði farið að heiman um kl. 17.00 á fimmtudaginn. Einhvern tíma næsta morgun hefði hann komið heim aftur, lítils háttar ölvaður, en illa haldinn. Seinna um daginn hefði hún

háttað hann ofan í rúm, en skömmu eftir það hefði hann byrjað að selja upp, og virtist uppsalan vera blóðlituð. Hann hefði einnig látið þvagi. Vakti Júlíana yfir syni sínum alla nóttina. Á laugardagsmorguninn hefði hann einnig látið saur. Sighvatur hefði ekki viljað láta kalla í lækni, og hefði hjálpin því ekki komið fyrr en um seinan.

Á líki Sighvats sáust marblettir á hægri brjósti og auk þess glóðarauga vinstra megin. Þá hafði gervigómur hans brotnað. Í krufningarskýrslu Jóhanns Heiðars Jóhannssonar læknis segir eftirfarandi m.a.:

„— — —

Álit:

Við krufninguna fannst bráð lífhimnubólga, og hefur hún verið endanleg dánarorsök mannsins. Lífhimnubólgan hefur myndast eftir rifnun þvagblöðru, sem væntanlega stafar af áverka á kvið. Þegar þetta er skrifað, liggja ekki fyrir upplýsingar um hugsanlega áverka. Það er vel þekkt, að yfirfylling þvagblöðru getur fylgt ölvun og að áverkni á kvið í því ástandi, hvort sem um er að ræða fall eða högg, getur valdið því, að yfirfull þvagblaðran rifni. Af þeim breytingum, sem fundust við smásjárskoðun á þvagblöðru og lífhimnu, má ætla, að tímalengd frá áverkanum og til dauða mannsins sé að minnsta kosti sólarhringur. Það fundust minni háttar ytri áverkar, en engir áverkar á innri líffærum.“

Til viðbótar þessu hefur álits Gunnlaugs Geirssonar prófessors verið aflað um atriði tengd dánarorsök Sighvats heitins. Í áliti prófessorsins kemur fram, að ekki sé vitað, hversu mikið högg eða þunga þurfi til þess að sprengja þvagblöðru í manni. Það sé þó háð því, hversu mikið sé í blöðrunni. Eftir því sem meira sé í henni, sé hættara við, að högg eða þústrar á kvið valdi því, að blöðruveggurinn rofni. Ölvuðum mönnum sé hættara við áverkum af þessu tagi vegna þvagleysandi áhrifa etanóls ásamt slævðu næmi gagnvat þenslu blöðrunnar. Þá komi til hinar almennu kringumstæður, að ölvuðum mönnum sé hættara við byltum og að rata í áflog. Högg, sem sprengi þvagblöðru, geti skilið eftir áverka í kviðvegg, en þurfi ekki að gera það. Þetta sé komið undir því, hvað valdið hafi áverkanum (skarpar brúnir, skarpir sólar) eða hvort maðurinn hafi verið mikið klæddur. Þá sagði prófessorinn, að ekki væri að sjá af gögnum málsins, að Sighvatur heitinn hefði verið með sjúkdóm í þvagblöðru, sem hefði valdið því, að blaðran sprakk.

Talið er, að Sighvatur hafi verið klæddur í leðurjakka, bláar gallabuxur, peysu, hvíta ullarleista og svarta leðurskó. Var fatnaður þessi tekinn til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu. Allur var fatnaðurinn óhreinn, en ekki annars getið, sem þýðingu hefur í málinu.

Þau Vilmundur Sigurður Vilmundarson og Lilja Guðjónsdóttir, kunn-

ingjar Sighvats, hafa greint frá því, að þau hafi heimsótt Sigvat í Skriðu-
stekk 19 um hálffimm til fimm á fimmtudaginn. Hafi þau þrjú farið út
þaðan og keypt brennivínsflösku í áfengisútsölunni í Mjóddinni. Hafi þau
byrjað að drekka úr flöskunni við útsöluna, en haldið svo niður í bæ í
strætisvagni. Hafi þau drukkið af flöskunni á Lækjartorgi, þar sem leiðir
skildu. Fóru þau inn á Hressingarskálann og voru fram að lokun. Að sögn
Vilmundar Sigurðar brá Sighvatur sér frá og fór í veitingahúsið Ölver, en
þau Lilja sátu þarna á meðan. Þegar Sighvatur hefði komið aftur, hefði
hann sagt, að hann hefði lent í átökum við einhverja menn. Af Hressingar-
skálanum héldu þau út að Hótel Borg og út á Austurvöll, þar sem Sighvatur
að sögn Lilju og Vilmundar Sigurðar lenti í átökum. Ekkert er komið fram
um, að hann hafi hlotið áverka í þessum átökum. Eftir þetta héldu þau
Sighvatur, Lilja, ákærði, Vilmundur Sigurður og Hilmar Sigurbjartsson
heim til ákærða á Grettisgötu 43. Voru þau öll ölvuð. Á Grettisgötunni
var fyrir Eypór Þorsteinsson, og svaf hann ölvunarsvefni. Bróðir ákærða,
Lárus Konráðsson, kveðst hafa komið þarna um kl. háltvö og verið alls-
gáður. Hafi fólkið þá verið komið þangað, þ.e. ákærði, Sighvatur, Lilja
Guðjónsdóttir, Vilmundur Sigurður Vilmundarson, Hilmar Sigurbjartsson
og Eypór Þorsteinsson.

Ákærði skýrði frá því í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 2. júlí,
að hann hefði verið að sýna Lilju mynd af dóttur sinni inni í svefnherbergi,
þar sem hefðu verið þeir Sighvatur heitinn og Hilmar Sigurbjartsson. Hefðu
þau öll setið á rúminu. Þegar hann hefði hallað sér áfram, hefði Sighvatur
slegið sig í hnakkann, svo að hann féll áfram á gólfið. Hefði Sighvatur
stokkið á sig, en hann, ákærði, hefði kastað honum ofan af sér og slegið
hann með krepptum hnefa undir hökuna, þar sem þeir lágu á gólfinu. Hefði
Sighvatur rotast við þetta. Eftir að hann var staðinn upp, kvaðst ákærði
hafa sparkað í Sighvat einu sinni og ekki fast „framanvert fyrir neðan
miðju“. Kvaðst ákærði hafa farið fram í stofu, en Sighvatur hefði komið
þangað eftir „smátíma“. Um leið hefði Lárus, bróðir ákærða, komið heim.
Kvaðst ákærði þá hafa sagt, að hann ætlaði að hringja á lögregluna, en
Lilja hefði aftekið það og sagt, að Sighvatur væri á skilorði og gæti lent
í fangelsi.

Þegar ákærði gaf skýrslu þessa, var enginn vottur viðstaddur, a.m.k.
ekki fyrr en undir lokin, en vottur var að því, að ákærði skrifaði undir
skýrsluna.

Ákærði gaf aðra skýrslu síðdegis næsta dag. Sagðist hann þá hafa slegið
Sighvat eitt högg á kjálkann, svo að hann rotaðist. Hefði hann svo staðið
á fætur og sparkað í afturendann á Sighvati. Eftir að hafa dvalið 3 - 5
mínútur frammi í stofu, hefði hann farið aftur inn í svefnherbergi.
Sighvatur hefði legið á gólfinu og vælt eitthvað og beðið sér vægðar. Kveðst

hann hafa tekið í öxl Sighvati og teymt hann skriðandi fram á stofugólf, þar sem ákærði gat haft auga með honum.

Þegar ákærði kom fyrir dóm um kvöldið, skýrði hann frá átökunum á sama hátt og fyrr um daginn. Kvað hann Lárus, bróður sinn, hafa rekið Sighvat út, og hefði Sighvatur gengið óstuddur út. Þó kvaðst hann hafa hætt við að hringja á lögregluna að beiðni Lilju.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 5. júlí sagði ákærði, að verið gæti, að hann hefði sparkað eitthvað frá sér, enda hefðu þetta verið þó nokkur átök milli þeirra. Væri mjög trúlegt, að hann hefði rekið hnéð einhvers staðar í Sighvat, þegar hann hefði verið að hrinda honum ofan af sér. Ákærði samsinntu þeirri lýsingu Hilmars Sigurbjartssonar í lögregluskýrslu, að þeir ákærði og Sighvatur hefðu slegist „eins og vitleysingar“, enda hefði hann verið að bjarga sér. Þá kvað hann Sighvat hafa staðið sjálfan upp af stofugólfinu. Hefði Lárus fylgt honum út, en komið strax inn aftur.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 12. júlí skýrði ákærði frá átökunum á sama hátt og áður, en sagði auk þess, að þeir Sighvatur hefðu snúist eitthvað þarna á gólfinu. Hefði honum tekist að „ná“ Sighvati „undir“ sig og slegið hann þannig, að hann vankaðist. Kvað ákærði í mesta lagi 15 mínútur hafa liðið, frá því að átökunum lauk, þar til Lárus, bróðir hans, kom heim.

Hér fyrir dómi hefur ákærði neitað því, að hann hafi sparkað margsinnis í líkama Sighvats heitins Andréssonar, og sagt, að hann fái ekki séð, að hann hafi orðið valdur að því, að þvagblaðra Sighvats hafi sprungið, og þannig að andláti hans. Ákærði kveðst aftur á móti viðurkenna að hafa slegið Sighvat hnefahögg á kjálkann og að hafa auk þess sparkað einu sinni í afturenda hans.

Ákærði kveðst hafa farið heim til sín neðan úr miðbæ ásamt þeim Sighvati, Lilju Guðjónsdóttur, Vilmundi Sigurði Vilmundarsyni og Hilmari Sigurbjartssyni. Hefðu þau öll verið ölvuð. Þegar þangað kom, var þar fyrir Eyþór Þorsteinsson, sem svaf ölvunarsvefni. Telur ákærði, að klukkan hafi verið nálægt 1.00 eftir miðnætti. Þau Lilja hafi farið inn í svefnherbergi, þar sem hann ætlaði að sýna henni mynd af dóttur sinni. Hafi þau setið þar á sófa ásamt þeim Hilmari og Sighvati. Þegar hann hafi verið að sýna Lilju myndina, hafi hann fengið högg í hnakkann og fallið fram yfir sig og síðan fengið í sig spark, svo að hann vankaðist. Telur ákærði, að Sighvatur hafi lagst ofan á sig. Hann hafi tekið á móti og slegið Sighvat eitt högg, svo að hann vankaðist eða jafnvel rotaðist. Kveðst ákærði hafa staðið upp og sparkað í afturenda Sighvats og sagt eitthvað á þá leið, að hann skyldi ekki reyna svona aftur.

Ákærði kannast við að hafa sagt hjá RLR við yfirheyrslu 2. júlí, að hann hefði sparkað einu sinni framanvert og fyrir neðan miðju í líkama Sighvats.

Ákærði kveður þetta hafa verið rangt og hann hafi borið svona vegna þess, hve hann hafi verið í miklu uppnámi, eftir að hafa heyrt, að hann hefði orðið valdur að dauða manns.

Ákærði kveðst ekki muna til þess, að Sighvatur hafi sagt neitt um myndina eða barnið á henni, og ekki vita til þess, að átök þeirra hafi staðið í sambandi við það (sbr. hér á eftir). Eftir að hann hafi sparkað í afturenda Sighvats, kveðst hann hafa farið fram í stofu til þess að hugsa ráð sitt, og hafi Sighvatur legið eftir á gólfinu. Eftir nokkrar mínútur kveðst hann hafa farið aftur inn í herbergið og tekið í öxl Sighvats og dregið hann fram í stofuna. Hafi Sighvatur hálfskriðið með og sagt eitthvað, sem ákærði kveðst ekkert geta rifjað upp, hvað var. Kveðst hann hafa skilið Sighvat eftir frammi við stofudyrnar og sest og fylgst með Sighvati, enda hafi hann verið hræddur um, að Sighvatur réðist aftur á sig. Hafi Sighvatur verið með rænu og gjóað augunum upp á ákærða. Skömmu eftir þetta hafi Lárus, bróðir ákærða, komið heim. Hafi það getað verið um hálf tvö. Kveðst ákærði hafa talað um að hringja á lögregluna, en Lilja hafi þá sagt, að Sighvatur væri á skilorði og gæti lent í fangelsi, ef lögreglan kæmi. Eftir að Sighvatur hafi legið í stofunni í 10 - 15 mínútur og Lárus eitthvað stumrað yfir honum, hafi hann staðið upp og gengið út í fylgd Lárusar. Hafi Lárus komið strax inn aftur, en ákærði kveðst ekki hafa séð Sighvat eftir þetta.

Lilja Guðjónsdóttir skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu, að fljótlega eftir að komið var á Grettisgötuna, hefði ákærði farið að ýfast við Sighvat og kallað hann aumingja og því um líkt. Þau hefðu síðan setið á bekk eða rúmi, og hefði Páll haldið á mynd af dóttur sinni og verið að sýna hana. Sighvatur hefði þá tekið myndina af ákærða, hent henni í gólfið, svo að glerið í rammanum brotnaði, og sagt, að barnið væri ljótt. Um leið hefði hann slegið Pál aftan á hálsinn. Páll hefði þá tryllst og slegið Sighvat, sem fallið hefði á gólfið. Hefði Páll látið högginn dynja á Sighvati og margsparkað í skrokk honum. Sighvatur hefði margsinnis beðið sér vægðar, en loks hefði hann misst meðvitund. Kveðst hún hafa fundið rammann og sagt við ákærða, að hann skyldi hætta þessu, og hefði hann þá hætt að sparka í Sighvat, sem þá hafi löngu verið orðinn hreyfingarlaus. Sýndist vitninu svolítið blæða úr, öðru munnviki Sighvats. Eftir góða stund hefði Páll dregið Sighvat inn í stærra herbergið, þar sem þeir Eypór og Vilmundur hefðu verið sofandi. Alllögum tíma síðar hefði komið þarna maður, sem hún ekki þekkir, og hefði hann þvegið Sighvati í framan og svo farið með hann út. Hún kveðst margsinnis hafa beðið ákærða um að hringja í sjúkrabíl og lögreglu, en hann hefði ekki viljað það.

Hér fyrir dómi hefur vitnið sagt, að hún myndi mjög óljóst eftir aðdraganda atburðanna á Grettisgötu. Telur hún jafnvel, að þau hafi setið við

drykkju á Hótel Borg, en ekki á Hressingarskálanum, eins og hún bar hjá lögreglu. Þá kveðst vitnið ekki muna eftir átökum á Austurvelli. Vitnið kveðst þó muna, að þau hafi farið heim til ákærða á Grettisgötuna, þar sem þau hafi sest að drykkju. Kveðst hún muna eftir því, að ákærði hafi verið að sýna þeim mynd af dóttur sinni þarna inni í herbergi. Hafi Sighvatur verið þarna í herberginu. Vitnið kveðst hafa setið, og telur hún, að ákærði hafi staðið. Ekki kveðst hún muna, hvernig Sighvatur var. Þegar hún hafði skoðað myndina, kveðst hún hafa rétt Sighvati heitnum myndina, og hafi hann misst hana óvart í gólfið. Hafi hann sagt eitthvað niðrandi um barnið. Segist hún muna eftir átökum með Sighvati og ákærða þarna í herberberginu. Hafi ákærði sparkaði í Sighvat, en ekki kveðst vitnið muna, hvar ákærði sparkaði í Sighvat, og ekki heldur, hvort það hafi verið einu sinni eða oft. Vitnið kveðst hafa reiðst þessu og halda, að hún hafi sagt við ákærða, að ef hann hringdi á sjúkrahúsi eða lögregluna, myndi hún drepa sig. Annars kveðst vitnið ekki muna frekar eftir þessum atburði.

Vitnið segist hafa verið ruglað af drykkju og lyfjaneyslu, þegar þetta gerðist, og eins verið miður sín, þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Hafi hún verið búin að taka róandi lyf og drukkið áfengi ofan í þau. Kveðst hún hafa verið drykkju- og lyfjasjúklingur frá 15 ára aldri.

Vitnið hefur ekki getað skýrt misræmi með lögregluskýrslu hennar og frásögn hennar fyrir dómi.

Vitnið Hilmar Sigurbjartsson hefur skýrt frá því, að það hafi verið með ákærða í miðbænum og hafa hitt þau Sighvat, Vilmund og Lilju og farið með þeim öllum heim til ákærða á Grettisgötu. Hafi Eyþór verið þar sofandi fyrir. Hilmar kveðst hafa verið nokkuð drukinn, en þó ekki ofurölvi. Hafi þau sest að drykkju. Hafi ákærði og Lilja setið á sófa og ákærði verið að sýna Lilju mynd af dóttur sinni. Vitnið kveðst hafa staðið þarna rétt hjá, en ekki muna, hvort Sighvatur stóð eða sat. Vitnið kveðst hafa séð, að Sighvatur sló til ákærða, og hafi höggið annaðhvort lent á hálsinum á ákærða eða í myndinni. Þá hafi hann sagt eitthvað niðrandi um barnið. Ákærði hafi staðið upp og sagt eitthvað við Sighvat, og hafi þeir rokið saman í hörkuslagsmál. Þeir hafi tekist fangbrögðum, og eins hafi högg gengið á víxl. Hafi leikurinn borist víða um herbergið og húsmunir oltið um, þ. á m. hljómf lutningstæki. Kveðst vitnið hafa reynt að ganga á milli, en hafa verið hrundið frá. Hafi átökin endað með því, að ákærði hafi slegið Sighvat högg undir hökuna og rotað hann. Vitnið kveður engin spörk hafa lent á Sighvati, svo að hann hafi séð. Vitnið kveðst hafa farið fram ásamt Páli og Lilju, en þeir hafi verið mjög stutt frammi, ef nokkuð, og hafi þeir síðan tekið í handlegg. Sighvati og dregið hann út og lagt hann til í stofunni, og hafi púði verið settur undir höfuð hans. Sighvatur hafi verið blóðugur um munninn og ákærði rispaður og blóðugur um nefið. Vitnið

kveðst hafa orðað það að fara með Sighvat til læknis, en þau hin hafi ekki tekið undir það. Sighvatur hafi legið þarna á gólfinu rotaður, en farið að ranka við sér eftir á að giska 5 til 10 mínútur. Hilmar telur, að Sighvatur hafi getað legið þarna lengur, enda sé tímaskyn sitt ekki öruggt. Í þessu hafi bróðir ákærða komið heim og farið að tala um að koma Sighvati út, þar sem af honum væri svo mikill ófriður. Hafi Sighvati verið hjálpað á fætur, og hafi Lárus stutt hann út og komið strax inn aftur.

Vitnið segir engin orð hafa farið á milli ákærða og Sighvats, svo að það muni. Hafi Sighvatur hvorki beðið sér vægðar né grátið.

Vitnið kveðst ekki minnst þess, að rætt hafi verið um að hringja í lög-regluna út af Sighvati. Þá segist vitnið hafa gáð að áverkum á Sighvati, og hafi tennur hans verið heilar og hann ekki verið með glóðarauga. Kveðst vitnið meira að segja hafa þreifað upp í hann til þess að athuga tennur hans.

Vilmundur Sigurður Vilmundarson skýrði frá því hjá rannsóknarlög-reglu, að eftir að hann kom heim til ákærða, hefði hann lagst til svefns við hlið Eypórs Þorsteinssonar. Hefðu þau hin farið inn í annað herbergi. Kveðst vitnið hafa vaknað við það, að ákærði hélt í axlir Sighvati og dró hann á bakinu inn í herbergið, þar sem vitnið hafði sofíð. Hefði ákærði tekið í hárið á Sighvati, sem hafi virst vera hálfrænulaus, og slegið höfðinu einu sinni í gólfið. Þá taldi vitnið, að ákærði hefði sparkað einu sinni í síðu Sighvats, en var þó ekki viss um, hvar sparkið lenti. Maður með krók á handlegg, þ.e. Hilmar Sigurbjartsson, hefði komið á eftir ákærða inn í herbergið, og hefðu þeir báðir beðið ákærða um að láta af þessu. Hefði ákærði gert það. Í þeim svifum hefði bróðir ákærða komið heim og haft á orði að hringja í lögregluna. Kveðst vitnið þá hafa farið út ásamt Lilju til þess að lenda ekki í fangageymslunni.

Hér fyrir dómi hefur vitnið skýrt frá því, að þau hafi hitt ákærða niðri á Austurvelli og hann hafi boðið þeim heim til sín á Grettisgötuna. Þegar þangað kom, hafi verið þar fyrir Eypór Þorsteinsson, sofandi inni í herbergi, en vitnið kveður þau hin hafa sest inni í stofu og að drykkju. Vitnið segir, að Sighvatur og Lilja hafi einnig verið undir áhrifum lyfja. Eitthvað hafi Sighvatur verið að ýfast við ákærða. Eftir nokkra stund kveðst vitnið hafa lagst til svefns við hliðina á Eypóri. Kveðst vitnið hafa vaknað við það, að Sighvatur og ákærði komu inn, en kveðst nú ekki geta munað nánar, hvernig það gerðist. Vitnið kveðst ekki muna annað af átökunum en það, að ákærði hafi sparkað einu sinni í síðuna á Sighvati, að því er það telur. Vitnið kveðst þó ekki vera viss um, hvar sparkið lenti, enda hafi það verið hálfruglað. Kveður það lýsingu sína á átökunum í lögreglu-skýrslu geta verið rétta, en það muni ekki, hvað það hafi gert hjá lögreglu-nni, enda hafi það verið tekið beint til yfirheyrslu úr fangageymslunni

eftir „fylliri“. Ekki muni það til þess, að ákærði hafi slegið höfði Sighvats við gólfið. Vitnið kveðst muna eftir því, að bróðir ákærða, Lárus, hafi komið þarna og viljað gestina burt og sagt við Sighvat, að hann skyldi koma sér út, eða hann kallaði á lögregluna ella. Vitnið segir, að þau Lilja hafi þá flýtt sér út. Telur vitnið, að Sighvatur hafi þá orðið eftir. Vitnið kveðst muna eftir því, að blætt hafi úr munni Sighvats eftir átökin, en ekki hafi Sighvatur verið með glóðarauga, og sé það visst um það, því að það hafi gáð að áverkum á honum á eftir. Hafi Sighvatur sagt, rétt áður en þau Lilja fóru út, að allt væri í lagi með sig. Sighvatur hafi þá vírst vera vankaður, móður og þreyttur.

Vitnið Lárus Konráðsson, bróðir ákærða, hefur skýrt frá því, að það hafi farið í kvikmyndahús. Hafi það verið allsgáð. Greinilegt hafi verið, að eitthvað hafði gengið á þar heima. Hefðu húsmunir verið úr stað og úr lagi færðir. Sighvatur hafi legið í stofunni og verið með rænu, en vankaður, og hafi umlað í honum. Ekki hafi sést á honum áverkar. Kveðst vitnið hafa þurrkað Sighvati í framan með blautu handklæði til þess að hressa hann við, enda hafi vitnið vilja losna við Sighvat. Ákærði hafi stungið upp á því að hringja í lögregluna og láta fjarlægja Sighvat, en stúlka, sem þarna hafi verið, hafi andmælt því og sagt, að Sighvatur myndi þá lenda í fangelsi, þar sem hann væri á skilorði. Kveðst vitnið einnig hafa spurt Sighvat að þessu og Sighvatur ekki viljað það heldur. Stúlkan hafi haft á orði, að ef lögreglan yrði kölluð til, myndi hún stinga Sighvat og sjálfa sig og síðan kæra þá bræður fyrir að hafa gert það. Vitnið kveðst hafa hjálpað Sighvati á fætur og tekið um handlegg hans og leitt hann út að garðshliðinu. Hafi það skilið við Sighvat, þar sem hann stóð á gangstéttinni, og gengið inn. Hafi þetta verið 30 - 54 mínútum eftir, að vitnið kom heim. Kveðst það ekki geta sagt, hvert Sighvatur hafi gengið. Hafi þau Lilja og Vilmundur þá verið farin.

Vitnið Jón Kristján Jacobsen kom til vinnu sinnar í efnalauginni Úða-fossi, Vitastíg 13, skömmu fyrir kl. 7 á föstudagsmorguninn. Sá hann þá Sighvat heitinn liggja á grasbletti við bakhúsið nr. 11 þar við götuna. Lá Sighvatur í keng og á grúfu og virtist vera að vakna. Skömmu seinna settist hann á lágan vegg á milli húsanna, skjálfandi eins og af kulda. Í því bili kom eigandi efnalaugarinnar, Jón Lárus Guðmundsson, þarna að. Sighvatur hélt um magann og tautaði nokkrum sinnum, að sér liði svo illa. Að sögn Jóns Kristjáns var Sighvatur þarna til kl. um 7.45, en þá gekk hann niður götuna og niður á Laugaveg.

Þorsteinn Steingrímsson rannsóknarlögreglumaður var á ferð um Laugaveg í bifreið um kl. 8.15 og sá þá til Sighvats Andréssonar, þar sem hann gekk mjög hægt, haltrandi og hokinn, eftir syðri gangstéttinni inn Laugavegin á milli Barónsstígs og Snorrabrautar.

Þórður Karlsson leigubifreiðarstjóri ók manni frá Hlemmi í Skriðustekk þennan föstudagsmorgun. Lýsing hans á manninum er í samræmi við útlit Sighvats heitins Andréssonar. Þórður kveður manninn hafa verið eins og vankaðan eða undir áhrifum áfengis og með glóðarauga. Kveðst hann hafa spurt manninn, hvort hann væri slappur, og hafi hann játað því. Smávegis gras hafi verið á buxum mannsins. Ekki getur Þórður tímasett þetta nákvæmar en að þetta hafi verið á milli kl. 8 og 12. Telur Þórður, að maðurinn hafi komið til sín frá horni Laugavegar og Rauðarárstígs.

Ákærði sætti læknisrannsókn í Síðumúlafangelsi þriðjudaginn 4. júlí. Í vottorði Þórarins Gíslasonar fangelsislæknis segir eftirfarandi um skoðunina:

„Er við skoðun vel áttaður (sic) á stað og stund, talsvert spenntur, en ekki áberandi fráhrarfseinkenni. Kvartar yfir verkjum í hnacka og er við þreifingu aumur yfir hálshrygg og neðsta hluta höfuðkúpu. Í gærkvöldi var hann rannsakaður á slysadeild Borgarspítala vegna þessa, og var talið, að um tognun væri að ræða. Ekki sást áverki á beinum við röngenmyndatöku. Það eru 2 vel gróin gömul ör: á hæ. fæti og kvið ofanverðum. Um er að ræða nokkra dreifða marbletti, sem allir eru aðeins gulleitir, sem bendir til, að þeir séu nokkurra daga gamlir. Á hæ. upphandlegg utanverðum er marblettur 2 x 4 sm, vi. upphandlegg eru 2 marblettir, 2 sm í þvermál hvor. Á miðju hæ. læri er marblettur, 3 x 4 sm. Marblettur er framanvert á vi. öxl, 2.5 x 3 sm. Nokkur eymsli eru yfir rifjum 8 og 9 vi. megin í sömu línu og miðjan á vi. viðbeini. Á sama svæði er marblettur, 5 x 3 sm. Á hálsi hæ. megin framanvert er sár með smáskorpu, þvermál 1 sm.“

Húsið nr. 43 við Grettisgötu er þriðja hús frá horninu við Vitastíg. Rannsóknarlögreglan rannsakaði vettvanginn og gerði um það skýrslu. Segir þar m.a.:

— — —

Bæring Aðalsteinsson, sem nefndur er hér að framan, mun vera látinn.

Niðurstaða.

Ákærði viðurkenndi fyrst hjá rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa sparkað í Sighvat Andrésson einu sinni „framanvert fyrir neðan miðju“. Dró ákærði þetta til baka daginn eftir og hefur gefið skýringu hér fyrir dómi, að hann hafi sagt þetta í uppnámi yfir því að hafa heyrt, að hann væri valdur að dauða manns. Þegar ákærði gaf skýrsluna, var ekki vottur viðstaddur, a.m.k. ekki fyrr en undir lok skýrslunnar, og ákærða hafði ekki verið gefinn kostur á því að hafa réttargæslumann viðstaddan.

Vitnin Lilja Guðjónsdóttir og Vilmundur Sigurður Vilmundarson hafa verið óstöðug í skýrslum sínum og voru ölvuð, þegar atburðirnir urðu.

Þriðja vitnið að átökum Sighvats og ákærða, Hilmar Sigurbjartsson, hefur sagt, að hann hafi ekki séð ákærða sparka í Sighvat.

Telja verður, að upp undir 5 klukkustundir hafi getað liðið, frá því að Sighvatur fór út frá ákærða, þar til hann sást á lóðinni við Vitastíg. Ekkert er vitað um ferðir hans eða hvernig honum reiddi af á þessu tímabili.

Nokkrar líkur eru til þess, að Sighvatur Andrésson hafi hlotið það högg eða spark frá ákærða, sem valdið hafi því, að þvagblaðran í honum rifnaði. Ekki þykir þetta þó vera hafið yfir allan vafa af þeim ástæðum, sem hér voru raktar, enda ekki hægt að útiloka, að öðrum sé til að dreifa, annaðhvort fyrir eða eftir dvöl hans á heimili ákærða. Verður í þessu sambandi að líta til frásagnar vitnisins Hilmars Sigurbjartssonar um falska góminn í Sighvati heitnum. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Aftur á móti hefur ákærði viðurkennt að hafa í átökunum, sem telja verður, að Sighvatur heitinn hafi átt upptökin að, slegið Sighvat hnefahögg á kjálkann, svo að hann rotaðist eða vankaðist, og að hafa sparkað í sitjandann á honum. Fram er komið, að Sighvatur var blóðugur í andliti eftir átökin. Hefur ákærði þannig orðið sannur að líkamsárás á Sighvat, og þykir hún varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981, og ber að sakfella hann fyrir það brot, enda er ákæra málsins ekki því til hindrunar, og málið hefur verið reifað að því leyti, sbr. 3. mgr. i.f. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði hefur verið sakfelldur sextán sinnum og dæmdur í samtals 4 ára og 2 mánaða fangelsisvist fyrir ýmisleg hegningarlagabrot. Auk þessa hefur hann verið sektaður tuttugu og einu sinni fyrir margvísleg brot, svo sem ölvun, umferðarlagabrot, eignaspjöll og tolllagabrot. Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, og er þá annars vegar höfð hliðsjón af því, að Sighvatur heitinn átti upptök að átökunum með því að slá ákærða, en hins vegar af löngum og miklum sakaferli hans. Frá refsingunni ber að draga 10 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til þess að greiða sakarkostnað málsins að $\frac{1}{4}$ hluta, en ríkissjóð að $\frac{3}{4}$ hlutum. Greiði ákærði 20.000 krónur í saksóknarlaun og 20.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, en ríkissjóður greiði 60.000 krónur í málsvarnarlaun til verjandans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, sæti fangelsi í 30 daga. Frá refsingunni dregst 10 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði sakarkostnað að $\frac{1}{4}$ hluta, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, verjanda síns, 20.000 krónur.

Úr ríkissjóði greiðist $\frac{3}{4}$ hlutar sakarkostnaðar, þar með taldar 60.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda ákærða.
